


# Stefna Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar



| Gæða- og eftirlitsstofnun  
félagsþjónustu og barnaverndar

# Gildi Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar




## Virðing

- Við berum virðingu fyrir verkefnum okkar og samstarfsaðilum
- Við sýnum kurteisi, umburðarlyndi og nærgætni
- Við leggjum áherslu á heiðarleika, vandvirkni og valdeflingu



## Traust

- Við vinnum af fagmennsku og ábyrgð
- Við leggjum áherslu á hlutleysi, trúnað og gagnsæi
- Við erum áreiðanleg og tillitssöm
- Við erum skipulögð og skilvirk í vinnu okkar



## Samvinna

- Við leggjum áherslu á samvinnu og samráð í starfi
- Við erum í samstarfi við sveitarfélög, stofnanir, hagsmunaaðila, einkaaðila og notendur þjónustu
- Við deilum þekkingu og reynslu

## Hlutverk Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar

- Að styrkja undirstöður heildstæðrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga
- Að bæta gæði og öryggi þjónustu í samstarfi við þjónustuaðila og notendur
- Að hafa eftirlit með því að þjónusta sé veitt í samræmi við lög og alþjóðlega sáttmála

## Sýn Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar

- Stofnunin er mikilvægur hluti af gæða- og eftirlitskerfi opinberrar þjónustu
- Stofnunin stuðlar að valdeflingu og bættum lífsgæðum einstaklinga
- Stofnunin stuðlar að aðgengilegri og öruggri þjónustu sem kemur til móts við persónulegar þarfir hvers og eins
- Stofnunin lítur til þekkingar og reynslu systurstofnana
- Stofnunin leggur áherslu á notkun sannreyndra mælitækja í eftirliti með þjónustu

# Verkefni Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar

## Stjórnsýsla

- Gerð gæðaviðmiða
- Veiting starfsleyfa
- Gagnavinnsla og viðhald gagnagrunna
- Endurgreiðslur til annarra stjórntvalda
- Þekkingaröflun vegna nýsköpunar á sviði gæða og eftirlits

## Eftirlit

- Móttaka og úrvinnsla ábendinga um misbrest í þjónustu eða stjórnsýslu þjónustuaðila
- Upplýsingaöflun og greining gagna
- Framkvæmd úttekta
- Útgáfa og miðlun niðurstaðna úttekta og eftirlits
- Eftirfylgni úttekta og eftirlits

## Annað

- Ráðgjöf sérfræðiteymis til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk
- Réttindagæsla fatlaðs fólks